

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Síðastliðið ár komust skatta- og útsvarsmálin á það stig, að flestum eða öllum mun hafa ofboðið. Gjöld þessi, þótt lögð væri á samkv. gildandi lögum, urðu bæði ofsalega há og með miklu, augljósu misræmi. Til voru heimilisfeður, sem síðari hluta ársins urðu að láta af höndum á mánuði hverjum nálega öll mánaðarlaun sín.

Þegar þetta var í ljós komið og reiðialda risin hjá almenningi, létu valdhafar í það skína, að leitað yrði ráða til þess að létta skattbyrðar ársins, — og gáfu auk þess afdráttarlaus fyrirheit um lagfæringar á löggjöfinni um skattana og útsvörin á næsta Alþingi, svo að sagan um gjaldþvinguna 1964 endurtæki sig ekki.

Sú varð raunin á, að skattana og útsvörin 1964 urðu gjaldendur að sitja með.

Hins vegar er í sambandi við frumvarp þetta um það að ræða, hvort sagan um ofurþunga útsvaranna og misræmi 1964 eigi að endurtaka sig, — eða staðið verði við fyrirheitin.

Við teljum, að frumvarpið sé þannig úr garði gert, að með því að gera það að lögum óbreytt verði stofnað til endurtekningarinnar í verulegum stíl.

En málið er ekki einfalt. Lækkun útsvaranna og samræming er ekki nema önnur hlið þess. Sveitarfélögin þurfa á miklu fé að halda, og útsvörin eru aðaltekjustofn þeirra. Löggjafarvaldið leggur sveitarfélögunum margþættar, ófrávikjanlegar útgjaldaskyldur á herðar og hefur enn þengt þær á þessu ári. Verðbólgan færir þessi útgjöld í aukana ár frá ári og dag frá degi. Svo er komið, að það er mikill minni hluti útgjalda sveitarfélaganna, sem sveitarfélögin sjálf hafa á valdi sínu að hreyfa nokkuð til lækkunar, vegna þess að gjöldin eru svo mörg lögbundin eða samningsbundin.

Nýja tekjustofna geta sveitarfélögin ekki heldur gefið sér sjálf, af því að þau hafa ekki vald til þess.

Sveitarfélögunum er markaður básinn á allar hliðar í þessum efnunum. Þessa verður Alþingi að gæta í lagasetningu sinni.

Eigi að síður sýndi það sig sem staðreynd s. l. ár, að samkvæmt gildandi lögum varð samanlagður tekjuskattur til ríkisins og tekjuútsvar til sveitarsjóða ofraun gjaldgetu fólks víðs vegar um land — og þar var útsvarsálagningin meginvaldurinn. Og þessu verður að ráða bót á.

Með því að breyta lögum um tekjustofna sveitarfélaga ekki meira en frumvarpið gerir ráð fyrir ber að sama brunni og í fyrra: Útsvörin verða of há fyrir gjaldendur og ekki nægilegt samræmi í þeim miðað við efni og ástæður gjaldendanna.

Þess vegna leggjum við til, að persónufrádrátturinn verði hækkður og þrepum gjaldstiga breytt.

Þá leggjum við einnig til, að heimild til hækkunar á útsvörum, sem lögð hafa verið á samkv. fullnýttum gjaldstiga, lækki úr 20 hundraðshlutum í 10 hundraðshluta, af því að hér gagnar lítið, þó að skorið sé af öðrum endanum, verði því bætt við hinn endann samstundis.

Okkur er vel ljóst, að við þessar aðgerðir er svo skertur álöguréttur sveitarfélaga, að mörg þeirra fá ekki með útsvarsálagningunni og öðrum tekjustofnum sínum fullnægt tekjuöflunarþörf sinni. Verður ríkið þá í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna að leggja til með aukaframlagi það, sem á vantar árið 1965, að sveitarfélögin hafi fé til þarfa sinna. Um það gerum við einnig tillögu.

Við lítum á þessar ráðstafanir sem tjald aðeins til eins árs, — ársins 1965.

Við teljum, að nú þegar verði að hefja endurskoðun á verkaskiptingunni milli ríkisins og sveitarfélaganna, en þar er að finna rætur álögubarfar sveitarfélaganna. Enn fremur verður að endurskoða tekjustofnaskiptinguna milli þessara aðila, því að hún verður að vera í samræmi við verkaskiptinguna.

Breytingar, sem orðið hafa í þjóðarþúskapnum og margvíslegum tilkostnaði samfélagsins, gera þessa endurskoðun óhjákvæmilega. Erfiðleikarnir í tekjuöflun sveitarfélaga og snurðurnar, sem hlupu á þann þráð síðastliðið ár, krefjast slíkrar endurskoðunar tafarlaust.

Við leggjum til, að öll löggjafaratriði, er að þessu lúta, verði tekin til endurskoðunar strax og niðurstöður endurskoðunarinnar lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Breytingartillögur okkar eru á sérstöku þingskjali og verður nánari grein gerð fyrir þeim í framsögu.

Alþingi, 10. maí 1965.

Karl Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason.
frsm.